

TILKYNNING

nr. 1/1999 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. maí 1999 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,65 kr. á lítra
gasolía	0,85 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,75 kr. á kg
flugvélabensín	0,20 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt mótttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 23. apríl 1999.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 770/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð	01.05.-30.09.99	2.200	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.05.-30.09.99	3.300.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. apríl 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Hjördís Halldórsdóttir.